

Stofnanasamningur

Matvælastofnunar og Dýralæknafélags Íslands

1. Gildissvið

Stofnanasamningur þessi gildir um starfsmenn Matvælastofnunar (MAST) sem eru félagsmenn í Dýralæknafélagi Íslands (DÍ).

2. Markmið

Samningsaðilar eru sammála um að eftirfarandi markmið séu höfð að leiðarljósi í gerð og túlkun þessa stofnanasamnings:

- Að launakerfið sé samræmt, gagnsætt, skilvirkt og skiljanlegt.
- Að ákvarðanir um launaröðun séu studdar málefnalegum rökum og þannig sé komið í veg fyrir launamun vegna misréttis.
- Að launakerfið nýtist sem stjórnþæki til að ná fram markmiðum stofnunarinnar og stuðli að því að tryggja stofnuninni hæft og gott starfsfólk.

3. Starfaflokkar og grunnröðun

Starfsmenn grunnraðast í launaflokka samkvæmt launatöflu í kjarasamningi í samræmi við eftirfarandi skilgreiningar á starfsflokkum (starfsheitum). Raða skal eftir viðvarandi stöðugu verksviði og til viðbótar kemur menntun og reynsla skv. köflum 4 og 5. Heimilt er að raða starfi sérstaklega ef það fellur ekki að almennum skilgreiningum í starfaflokkun.

Ef gerð er krafa um viðbótarmenntun umfram grunnmenntun (BA/BS) skal tekið tillit til þess við grunnröðun starfs í launaflokka sem hér segir:

- Diplóma eða sambærilegt nám sem leiðir til formlegra starfsréttinda (60 einingar) = 1 launaflokkur
- Meistaragráða (90-120 einingar) = 2 launaflokkar
- Doktors- eða sambærileg gráða (180 einingar) = 3 launaflokkar

Lengra formlegt grunnnám skal metið með sambærilegum hætti.

3.1. Fulltrúi/aðstoðarmaður

Starfar undir stjórn annarra. Hér undir falla dýralæknanemar með tímabundið dýralæknaleyfi.

Menntunarkrafa: BS eða ígildi þess.

Röðun frá launaflokki 7.

3.2. Dýralæknir

Starfar á ábyrgð og undir daglegri stjórn annarra. Verkefni eru skipulögð í samvinnu við yfirmann.

Starfar við afmarkaða verkþætti eða verkefni. Öflun og úrvinnsla gagna og ritun greinagerða og skýrsla, almennt samkvæmt leiðbeiningum eða undir leiðsögn annarra. Undirbýr einstök mál til afgreiðslu. Hér undir falla m.a. dýralæknar sem ekki eru komnir með dýralæknaleyfi og skammtímaráðningar dýralækna, t.d. í sláturtíð, en þó er heimilt að raða dýralækni í stöðu eftirlitsdýralæknis vegna mikillar reynslu, góðrar þekkingar eða sérstakrar ábyrgðar.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokki 11.

3.3. Eftirlitsdýralæknir/sérfræðingur

CO
Nith
Bær
Zhi

Hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á afmörkuðu verksviði og málaflokkum innan þess. Úrlausn stjórnarsýslu- og eftirlitsverkefna samkvæmt starfslýsingu eða viðvarandi verksviði. Samskipti við stofnanir, fyrirtæki eða viðskiptavinum. Getur haft verkstjórn á starfsmönnum.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 13.

3.4. Sérgreinadýralæknir/fagsviðsstjóri

Hefur umsjón með og ber faglega ábyrgð á ákveðnu verksviði og/eða málaflokkum innan þess. Sjálfstæð úrlausn stjórnarsýslu- og þjónustuverkefna samkvæmt starfslýsingu/viðvarandi verksviði. Úrvinnsla gagna og ritun greinagerða og skýrsla. Getur haft viðvarandi samstarf við stofnanir, fyrirtæki og/eða viðskiptavinum. Getur haft daglega verkstjórn á starfsmönnum.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 14 og álagsþrepi 1 (14-1).

3.5. Mannauðsstjóri/gæðastjóri/fræðslustjóri/upplýsingatæknistjóri

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 15.

3.6. Héraðsdýralæknir

Ber ábyrgð á starfsemi umdæmisstofu samkvæmt skipuriti MAST.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 18.

3.7. Framkvæmdastjóri

Ber ábyrgð á starfsemi skrifstofu samkvæmt skipuriti MAST.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 19.

3.8. Yfirdýralæknir/Forstöðumaður

Ber ábyrgð á starfsemi sviðs samkvæmt skipuriti MAST.

Menntunarkrafa: MS/Cand. Med. Vet./Dýralæknapróf.

Röðun frá launaflokk 20.

4. Menntun

4.1. Sé formlegt dýralæknapróf 330 ECTS eða meira skal bæta við einu álagsþrepi.

4.2. Fyrir doktorspróf (PhD) sem lokið er með viðurkenndri prófgráðu, er á fagsviði viðkomandi og sem nýtist í starfi, skal starfsmaður fá 1 launaflokk.

4.3. Fyrir aðra formlega prófgráðu sem ekki hefur verið tekið tillit til hér að ofan, er á fagsviði viðkomandi, sem nýtist í starfi og er að lágmarki 30 ECTS (t.d. auka BS/BA, auka MS/MA/MPA/MBA, kennsluréttindi, diplóma eða annað sambærilegt formlegt viðbótarnám), skal bæta við einu álagsþrepi við ákvörðun launa.

4.4. Að hámarki er hægt að fá samtals tvö þrep skv. 4.1. og 4.3.

4.5. Greinar 4.1., 4.3. og 4.4. gilda ekki um starfsmenn í starfaflokkum 3.6. (héraðsdýralæknir), 3.7. (framkvæmdastjóri) og 3.8. (yfirdýralæknir/forstöðumaður) heldur skal launa þeim eins og þeir væru með doktorspróf skv. 4.2. óháð menntun viðkomandi.

5. Starfsreynsla

5.1. Starfsreynsla er sá tími sem starfsmaður hefur unnið við sitt fræða- og starfssvið.

1 ár í starfi	+2 álagsþrep
3 ár í starfi	+1 álagsþrep til viðbótar
5 ár í starfi	+1 álagsþrep til viðbótar

5.2. Við nýráðningu er heimilt að meta víðtæka og mikla starfsreynslu (meira en 10 ár) til álagsþrepa umfram reynslu skv. 5.1.

6. Tímabundnir þættir

Matvælastofnun er með virkt viðbótarlaunakerfi til að umbuna fyrir tímabundna þætti. Verði stórvægilegar breytingar á kerfinu eða það lagt niður skal þessi kafli endurskoðaður.

7. Réttur til endurmats á röðun

Telji starfsmaður að honum hafi ekki verið rétt raðað miðað við ofanskráðar forsendur á hann rétt á að fá röðun sína endurmetna. Ágreiningsmálum skal vísað til samstarfsnefndar DÍ og MAST eins og hún er skipuð hverju sinni.

8. Endurskoðun


Aðilar eru sammála um að endurskoða ákvæði þessa samkomulags á 12 mánaða fresti ef annar hvor aðili óskar þess. Verði breytingar á starfsemi stofnunarinnar eða meginverkefnum hennar skal endurskoðun fara fram á ákvæðum samningsins eins og við á.

9. Gildistími

Stofnanasamningur þessi gildir frá 1. janúar 2019.


Selfossi, 20. desember 2018

F.h. Matvælastofnunar



Bjarki R.

F.h. Dýralæknafélags Íslands



Charlotta Oddsd.

Bókun

Aðilar eru sammála um að raða hverjum og einum starfsmanni upp á nýtt skv. ákvæðum þessa stofnanasamnings. Þar sem við á, falla því eldri viðbótarflokkar niður á móti hækkun skv. samningi þessum.

Við gildistöku þessa samnings fellur föst launuð yfirvinna eftirlitsdýralækna niður á móti launasetningu skv. stofnanasamningi þessum. Tryggt skal að enginn lækki í launum við þessa aðgerð. Sé starfsmaður mótfallinn þessari breytingu skal viðkomandi taka laun skv. eldri stofnanasamningi þar til niðurstaða hefur fengist í mál starfsmannsins.

Skjal sem sýnir röðun hvers og eins dýralæknis hjá Matvælastofnun í launaflokka og álagsþrep skal lagt fram fyrir undirritun samnings og samþykkt af báðum aðilum.

Aðilar eru sammála um að uppgjör hefur farið fram vegna ákvæða gerðardóms frá 14. ágúst 2015 og var þar fylgt tilmælum Kjara- og mannauðssýslu ríkisins. Verði breytingar á þessum tilmælum, hvort sem er með samkomulagi eða dómi, skal Matvælastofnun leiðrétta uppgjör vegna gerðardóms innan tveggja mánaða frá því að ný tilmæli hafa verið lögð fram.

Aðilar eru sammála um að greiða þeim starfsmönnum sem eru við störf 1. janúar 2019 eingreiðslu með desemberlaunum 2018. Eingreiðsla til hvers starfsmanns jafngildir afturvirkri launahækkun til 1. maí 2018 samkvæmt samningi þessum.

DÍ og MAST eru sammála um að vinna að útfærslu á starfsþróunaráætlun og þrýsta á um fjárveitingu í hana með það að markmiði að tengja námseiningar (ECTS) við hækkun í álagsþrepum.